



Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík 21.11.2022

Umsögn um breytingar á lögum vegna fjárlaga 2023 (Bandorm)

Grænir skátar ehf (GS) hvetja Alþingi að fara að tillögum Endurvinnslunar hf um hækkun á skilagjaldi á drykkjarumbúðum úr 18 kr. í 20 kr.

Grænir skátar safna saman drykkjarumbúðum úr 140 grenndargámum á höfuðborgarsvæðinu og allt austur í Biskupstungur. Einnig þjónusta GS hótél, veitingahús og húsfélög með drykkjarumbúðir. Í gegnum okkar kerfi fara upp 10 milljón einingar á ári þannig að verið er að tala um umtalsverðar upphæðir. Ef ekkert verður af þessari hækkun verða Grænir skátar af 20 milljónum króna.

Miklar kostnaðahækkanir hafa verið undafarið og því afar mikilvægt að skilagjaldið haldi í verðlag svo hvati til endurvinnslu haldist og rekstargrundvöllur GS skerðist ekki.

Hjá Grænum skátum eru 40 starfsmenn þar af eru 35 starfsmenn með skerta starfsgetu. Þessir starfsmenn vinna hjá GS í gegnum úræði Vinnumálastofnunnar „Atvinna með stuðning“.

Starfsemi Grænna skáta er samfélagslega afar mikilvæg og þær afleiðingar sem óbreytt skilagjald gæti haft á reksturinn gætu orðið alvarlegar.

Virðingarfyllt
Kristinn Ólafsson
Framkvæmdastjóri Grænna skáta